

Mánudaginn 2. apríl 1990.

Nr. 124/1989. **Ragnar Guðmundsson**

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Kaupfélags

Vestur-Barðstrendinga

(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1989. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann að svo stöddu sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu sækir bústjóri stefnda áfrýjanda um skuld vegna vöruúttekta hjá hinu gjaldþrota félagi og vexti frá úrskurðardegi gjaldþrots 18. nóvember 1987 til áramóta 1987-1988. Skuld þessa viðurkennir áfrýjandi. Hann vill hins vegar skuldajafna gegn þessari kröfu stefnda skilyrtri kröfu, sem hann hefur lýst í gjaldþrotabúið og er þar viðurkennd sem almenn krafa, komi skilyrðið fram. Hann krefst því sýknu að svo stöddu, þar til ljóst verður, hvort skilyrðið komi fram, sbr. 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í kröfulýsingu 1. febrúar 1988 í bú stefnda gerir áfrýjandi eftirfarandi grein fyrir hinni skilyrtu kröfu:

„Krafa þessi grundvallast á innstæðu á viðskiptareikningi mínum við kaupfélagið eftir innlegg launa minna frá Brjánslækjarbúinu vegna búrekstrar 1984. Innstæðu þessari var breytt í skuldabréf í Samvinnubankanum, Patreksfirði, og var KVB undirritaður greiðandi þess. Skuldabréf þetta var aldrei greitt og lá í vanskilum í bankanum. Upphæð bréfsins var nú í nóvember 1987 orðin við framreikning kr. 799.600 ...

Skuldabréf það, sem hér um ræðir, var notað til greiðslu vegna kaupa minna á verslunarhúsi KVB við Birkimel hér í sveit. Hús þetta var boðið á frjálsum markaði, og var tilboði mínu tekið og húsið afhent mér í júlí 1986. Kaupsamningur var svo ekki frágenginn fyrr en í maí 1987 og þinglýst enn síðar. Skuldabréfið var tekið sem útborgun vegna kaupa á húsinu og þá framreiknað 9/9 1986 á 772.000 kr., sjá þinglýstan kaupsamning þar um. Nú hefur mér verið tjáð að hugsanlega verði þessum kaupsamningi rift, og geri ég því þessa forgangskröfu í þrotabúið vegna innstæðu minnar. Verði umræddum kaupsamningi aftur á móti ekki rift, sem von mín er, þá dreg ég þessa kröfu til baka.“

Stefndi hefur lýst yfir riftun, en áfrýjandi mótmælir riftun og telur, að hún eigi ekki fram að ganga, og hefur henni ekki enn verið framfylgt.

Stefndi andmælir kröfu áfrýjanda í fyrsta lagi með tilvísun til 1. mgr. 32. gr. gjaldprotalaga nr. 6/1978. Hann heldur því fram, að áfrýjandi, sem var stjórnarmaður í hinu gjaldprota félagi, hafi vitað eða mátt vita um bága fjárhagsstöðu félagsins, þegar skilyrta krafan varð til, sú sem hann hyggst nú nota til skuldajafnaðar, verði kaupum hans rift. Í öðru lagi vísar stefndi til ákvæða 33. gr. sömu laga og heldur því fram, að áfrýjanda sé skylt að greiða umdeilda skuld, þar sem skilyrði kröfulýsingar áfrýjanda sé ekki fram komið.

II.

Áfrýjandi rak bú á félagssvæði Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga. Eðlilegur þáttur í þeim búrekstri var að leggja inn afurðir í kaupfélagið. Þótt áfrýjandi hafi verið í stjórn kaupfélagsins 1984, þegar krafa sú varð til, er hann vill hafa uppi til skuldajafnaðar, og fram sé komið, að félagið stóð þá þegar mjög illa fjárhagslega, þykir stefndi ekki hafa sannað, að áfrýjandi hafi mátt þá þegar gera sér grein fyrir því, að félaginu yrði ekki bjargað frá gjaldþroti. Krafan verður því höfð uppi til skuldajafnaðar. Hins vegar er það skilyrði, sem áfrýjandi setti fyrir lýsingu kröfunnar í þrotabú félagsins, ekki komið fram, og fer því um hana eftir 33. gr. gjaldprotalaga nr. 6/1978. Af því leiðir, að hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað.

Það athugast, að héraðsdómur er óskýr að uppbyggingu, og er

samning hans í andstöðu við reglu h-liðar 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 41. gr. laga nr. 28/1981.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að niðurstöðu til.

Áfrýjandi, Ragnar Guðmundsson, greiði stefnda, þrotabúi Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 13. febrúar 1989.

Ár 1989, mánudaginn 13. febrúar, er á aukadómþingi Barðastrandarsýslu, sem háð er að Aðalstræti 92, Patreksfirði, kveðinn upp dómur í aukadómþingsmálinu nr. 65/1988.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. febrúar 1989, hefur þrotabúi Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, nnr. 5579-4545, kt. 701280-0329, höfðað fyrir aukadómþingi Barðastrandarsýslu á hendur Ragnari Guðmundssyni, kt. 161235-3189, Brjánslæk, Barðastrandarhreppi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 120.549,11 kr., með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá 1/1 '88 til 1/3 '88, með 45,6% drv. á ári frá þ.d. til 1/5 '88, með 44,4% drv. á ári frá þ.d. til 1/7 '88, með 52,8% drv. á ári frá þ.d. til 1/8 '88, með 56,1% drv. á ári frá þ.d. til 1/9 '88, með 49,2% drv. á ári frá þ.d. til 1/10 '88, með 33,6% drv. á ári frá þ.d. til stefnubirtingardags 3/10 '88, en frá þ.d. til greiðsludags með þeim drv., sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987.

Þess er jafnframt krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mán. fresti, í fyrsta sinn þann 1/1 '89, allt í samræmi við 12. gr. laga.

Krafist er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá er þess og krafist, að málskostnaður skuli frá 15. degi eftir dómsuppsögn og til greiðsludags bera dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987, þ.m.t. vaxtavexti, skv. 12. gr. laganna.

Í áskorunarstefnu segir, en mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál, að stefnandi sé þrotabúi og fari Viðar Már Matthíasson hrl. skiptastjóri með málið fyrir þess hönd, sbr. 91. gr. laga nr. 6/1978, sbr. og 112. gr. sömu laga.

Um málavexti og önnur atvik segir stefnandi: Búi Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, Patreksfirði, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði

skiptaráðandans í Barðastrandarsýslu þann 18. nóvember 1987. Víðar Már Matthíasson hrl. var ráðinn bústjóri til bráðabirgða þann 20. nóvember 1987 og kosinn skiptastjóri á skiptafundi í protabúinu þann 17. mars 1988. Við athugun á viðskiptamannabókhalði hins gjaldþrota félags kom í ljós, að stefndi skuldaði kr. 116.677,30 vegna vöruúttekta hjá hinu gjaldþrota félagi. Sú skuld hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir; er málshöfðun þessi því nauðsynleg.

Höfuðstóll stefnukröfu er þannig fundinn, að lögð er saman heildarfjárhæð vöruúttektar stefnda hjá stefnanda ásamt vöxtum til áramóta 1987-1988. Vextir af skuldum viðskiptamanna hins gjaldþrota félags voru reiknaðir um hver áramót og þá lagðir við höfuðstól. Er það ástæða þess, að höfuðstóll stefnukröfu er miðaður við áramót. Staða skuldarinnar á úrskurðardegi, sbr. meðfylgjandi reikningsyfirlit á dóm skjölum nr. 2 og 3, var kr. 116.677,30. Vextir frá úrskurðardegi til áramóta voru kr. 3.871,81. Höfuðstóll stefnukröfu er því kr. 120.549,11.

Sönnunargögn við þingfestingu málsins hinn 11. nóvember 1988: Stefnandi lagði fram áskorunarstefnu þá, sem rakin er í megindráttum hér að framan, ásamt birtingarvottorði, dóm skjál nr. 1, reikningsyfirlit, dags. 20.11. 1987, vegna úttekta stefnda á vörum hjá stefnanda, dóm skjál nr. 2 ásamt ljósriti af viðskiptareikningi, dags. 27.11. 1987, dóm skjál nr. 3. Auk þess lagði stefnandi fram endurrit úr skiptabók Barðastrandarsýslu, dags. 18.11. 1987, vegna uppkvaðningar úrskurðar um gjaldþrotaskipti Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga, dóm skjál nr. 6, og skipunarbréf bústjóra, dags. 20. nóv. 1987, dóm skjál nr. 7. Dóm skjöl nr. 4 og 5 eru innheimtubréf stefnanda til stefnda, dags. 10. febrúar 1988 og 29. mars 1988.

Málið var þingfest 7. október 1988. Stefndi, Ragnar Guðmundsson, sótti dómþing ásamt lögfræðingi sínum, Gunnari Sæmundssyni, og óskaði eftir fresti til greinargerðar. Málinu var vikið til venjulegrar meðferðar og frestað til greinargerðar af hálfu stefnda til 11. nóvember 1988. Hinn 11. nóvember lagði stefndi fram greinargerð sína ásamt fleiri skjölum, sbr. dóm skjöl nr. 8 - 14.

Dómkröfur stefnda í máli þessu eru þær, að hann verði að svo stöddu sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, sbr. greinargerð hans á dóm skjali nr. 8:

Með kaupsamningi, dags. 10.5. 1987, keypti umbjóðandi minn verslunarhús á Krossholti í Barðastrandarhreppi ásamt innréttingum, áhöldum og vörubirgðum af Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga á kr. 2.460.376. Kaupin höfðu í raun gerst miklu fyrr eða á árinu 1986, og var hið selda afhent 1. júlí það ár. Útborgun við samning, kr. 772.000, var greidd með skulda-

jöfnuði við skuldabréfskröfu, sem umbjóðandi minn átti á hendur kaupfélaginu. Eftir að kaup þessi fóru fram, kom í ljós, að á hinna seldu eign hvíldi veðskuld við Stofnlánadeild samvinnufélaganna, upphaflega að fjárhæð kr. 3.000.000, sem að engu hafði verið getið við kaupin, en ljóst var af kaupsamningnum, að umbjóðanda mínum var ekki ætlað að yfirtaka. Hann hélt því að sér höndum um greiðslur af skuldabréfi við Samvinnubankann, sem hann yfirtók við kaupin, og af skuldabréfi, sem hann gaf út skv. kaupsamningnum. Með úrskurði, dags. 18.11. 1987, var bú seljanda tekið til gjaldþrotaskipta, og með bréfi, dags. 4/1 '88, tjáði stefnandi máls þessa stefnda, að hann teldi útborgunargreiðsluna skv. kaupsamningnum riftanlega, og óskaði eftir samkomulagi um, að kaupin gengju til baka. Á það vildi umbjóðandi minn ekki fallast, en þar sem stefnandi hafði lýst yfir, að þrotabúið myndi rifta greiðslunni, lýsti hann skilyrtri kröfu vegna skuldabréfsins, sem útborgunin var greidd með, í þrotabú stefnanda. Á skiptafundi þann 17.3. 1988 var sú krafa samþykkt sem almenn krafa í búið. Með bréfi, dags. 26. ágúst 1988, tilkynnti stefnandi stefnda, að hann rifti umræddum kaupsamningi vegna vanefnda, og skoraði á stefnda að rýma verslunarhúsið fyrir 15.9. 1988.

Þessari riftun mótmælti stefndi með símskeyti, sem hann hefur ekki afrit af, en skorar á stefnanda að leggja fram í máli þessu (sjá dómsskjal nr. 21, innskot dómara). Með stefnu, dags. 13.9. 1988, höfðaði stefnandi síðan mál þetta til innheimtu viðskiptaskuldar, sem ekki er mótmælt af hálfu stefnda, að sé rétt. Með bréfi, dags. 20.10. 1988, skoraði stefnandi aftur á stefnda að rýma verslunarhúsnæðið fyrir 31. s.m., ella yrði krafist útburðar. Við það situr nú.

Málsástæður stefnanda eru þessar, sbr. greinargerð hans: Stefndi telur sér ekki fært né skylt að greiða stefnanda kröfu þessa, meðan óvissa ríkir um það, hver verða úrslit riftunarkröfu stefnanda, þar sem hann með greiðslu glati skuldajafnaðarrétti, sem hann á, ef riftunarkrafan nær fram að ganga. Hann er á hinn bóginn reiðubúinn að greiða hina umstefndu skuld og gjaldfallnar greiðslur af skuldabréfinu, sem hann gaf út vegna kaupanna á verslunarhúsinu á Krossholti, þegar stefnandi efnir kaupsamninginn á dskj. nr. 9 af sinni hálfu með því að aflétta veðskuldinni við Stofnlánadeild samvinnufélaganna og fellur frá riftunarhugmyndum sínum.

Stefnandi vísar til 32. gr. laga nr. 6/1978 og 2. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936.

Hinn 11.11. 1988 lagði stefndi fram þessi skjöl auk greinargerðar:

nr. 9, ljósrit kaupsamnings, dags. 10.5. 1987,

nr. 10, ljósrit bréfs stefnanda til stefnda, dags. 4.1. 1988.

nr. 11, ljósrit kröfulýsingar, dags. 1.2. 1988,

nr. 12, ljósrit bréfs stefnanda til stefnda, dags. 26.8. 1988,

nr. 13, ljósrit bréfs stefnanda til stefnda, dags. 20.10. 1987,

nr. 14, ljósrit skuldabréfs, dags. 14.3. 1985.

Stefnandi lagði fram greinargerð hinn 1. febrúar 1989, sbr. dómskjal nr. 15. Þar segir m.a.: „Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga komst í verulega fjárhagsörðugleika á árinu 1983. Fjárhagur félagsins versnaði enn árið 1984, og þá um sumarið var ljóst, að stjórnvöld höfðu ákveðið, að sauðfé á starfssvæði félagsins skyldi skorið niður þá um haustið. Gerði stjórn félagsins sér þá grein fyrir því, að slátrun myndi leggjast af um langan tíma, og myndi það þýða verkefnaskort fyrir slátruhús félagsins, sem var nýbyggt og hafði kostað umtalsverðar fjárhæðir. Kemur fram í ýmsum fundargerðum stjórnarfundu á árinu 1984, að fjárhagur félagsins er mjög slæmur, og er þá þegar farið að ræða um, að fjárprot muni bíða félagsins. Í árslok 1984 er eigið fé félagsins orðið neikvætt um kr. 8.309.000. Afkoman versnaði enn á árinu 1985, og var eigið fé félagsins þá í árslok orðið neikvætt um kr. 22.577.413. Í árslok 1986 var það neikvætt um kr. 43.313.169. Hagur félagsins versnaði enn á árinu 1987, og lauk sögu þess svo, að það var tekið til gjaldþrotaskipta þann 18. nóvember sama ár.

Stefndi, sem er bóndi á Brjánslæk, Barðastrandarhreppi, Vestur-Barðastrandarsýslu, var stjórnarmaður í Kaupfélagi Vestur-Barðstrendinga á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Honum var því fullkunnugt um fjárhag félagsins á hverjum tíma. Þannig var honum ljóst á árinu 1984, að félagið átti ekki lengur fyrir skuldum og gat ekki staðið í skilum við lánardrottna sína. Krafa sú, sem stefndi telur sig eiga skuldajafnaðarrétt fyrir, stofnaðist í árslok 1984. Skuldinni var breytt í mars 1985 með útgáfu skuldabréfs, sem Kaupfélag Vestur-Barðstrendinga gaf út. Skuldabréf þetta fékkst ekki greitt, en á árinu 1986 var um það samið, að stefndi fengi skuldina greidda með skuldajöfnuði við útborgunargreiðslu samkv. kaupsamningi um verslunarhús á Birkimel.

Ekki var formlega frá þessu gengið fyrr en á árinu 1987. Er kaupsamningur dagsettur þann 10.5. 1987. Af hálfu þrotabúsins voru fljótlega hafðar uppi yfirlýsingar um það, að til greina gæti komið, að rift yrði kaupsamningi þeim, sem lagður er fram sem dskj. nr. 9 í málinu og er um verslunarhúsnæði á Krossholti. Var stefnda ritað bréf um þetta og frekar um það fjallað. Stefndi hefur mótmælt riftun. Óvist er á þessu stigi, hvort sá ágreiningur mun koma til kasta dómstóla eða ekki. Stefndi lýsti af öryggisástæðum kröfu í þrotbúið vegna skuldar þeirrar, sem hann átti á grundvelli skuldabréfsins, sem áður er getið um. Kröfulýsing stefnda í þrotabúi KVB er skilyrt, eins og ótvírætt kemur fram í kröfulýsingu á dskj. nr. 11.

Af hálfu stefnanda er skuldajafnaðarkröfu stefnda mótmælt einkum af þrennum ástæðum: Í fyrsta lagi byggjast mótmælin á því, að krafan sé greidd og því komi ekki til álita að beita skuldajöfnuði. Sé því til einskis

að sýkna að svo stöddu. Í öðru lagi er því haldið fram, að þegar stefndi eignaðist kröfu sína upphaflega, hafi honum verið ljóst, að KVB átti ekki fyrir skuldum og gat ekki staðið í skilum við lánardrottna sína. Leiði það eitt til þess, að stefndi geti ekki beitt skuldajafnaðarrétti sínum, jafnvel þótt hann teldist eiga kröfu. Í þriðja lagi er á því byggt, að krafa stefnanda, ef talið yrði, að hún væri til, sé í besta lagi skilyrt, eins og kröfulýsingin á dómskjali nr. 11 ber með sér, og því leiði það af fyrirmælum gjaldþrotalaga, sbr. 33. gr. þeirra laga, að hana megi ekki nota til skuldajafnaðar.

Framangreindum sjónarmiðum til stuðnings hefur stefnandi lagt fram:

- nr. 16 - 17, ársreikninga KVB vegna rekstrar 1985 og 1986,
- nr. 18, ljósrit úr fundargerðum stjórnarfundna sama félags 1983 og 1984 (hluti),
- nr. 19, afstaða bústjóra í þrotabúi KVB til kröfulýsingar stefnda, dags. 10/8 '88,
- nr. 20, endurrit úr skiptabók Barðastrandarsýslu (ljósrit),
- nr. 21, símskeyti frá stefnda til skiptastjóra í þrotabúi KVB, dags. 8. ágúst 1988 (dags. skeytis virðist röng, athugas. dómara).

Hinn 1. febrúar 1989 gaf stefndi, Ragnar Guðmundsson, skýrslu hér fyrir réttinum. Málavaxtalýsing í stefnu er lesin fyrir honum, og hann kveður hana rétta og frá sér komna. Aðspurður segir hann, að það hafi verið veturinn 1985 - 1986, sem það var ákveðið að selja verslunarhúsið á Birkimel, og í framhaldi af því var húsið boðið til sölu á almennum markaði.

Fram komu 3 fyrirspegnir eða tilboð, og eitt þeirra var frá mætti. Mætti telur, að það hafi verið búið að samþykkja kauptilboð hans endanlega, áður en honum var afhent húsið 1. júlí 1986. Aðspurður segir mætti, að kaupverð hússins, kr. 2.080.000, hafi verið samkomulag, sem náðst hafi með hliðsjón af einhverju opinberu mati eða einhverri ákveðinni prósentu. Aðspurður segir mætti, að það hafi verið slóðaskapur í framkvæmdastjóra kaupfélagsins, að eigi var gengið frá kaupsamningi fyrr en 10. maí 1987. Hann kveðst margsinnis hafa gengið eftir því við framkvæmdastjóran, að kaupsamningurinn yrði gerður. Enn fremur segir mætti, að kaupsamningurinn hafi legið inni í skáp hjá framkvæmdastjóranum óþinglýstur allt sumarið 1987, en honum var eigi þinglýst fyrr en 13/10 '87. Þegar mætti kom að sunnan, en samningurinn var gerður í Reykjavík, spurðist hann fyrir um samninginn hjá framkvæmdastjóranum, en fékk alltaf þau svör, að samningurinn væri hjá Sigurgeiri Bóassyni, endurskoðanda KVB. Mætti kveðst ekkert hafa vitað um 3.000.000 kr. veð á 2. veðrétti, fyrr en þinglýsingardómari gerði athugasemd um það 13. október 1987. Þó kveðst hann hafa heyrt einhverjar sögur um þetta veð, en hann hafi ekki lagt trúnað

á þessar sögur vegna þess, að hann hafi treyst upplýsingum þeim, sem hann hafði fengið hjá Sigurgeiri Bóassyni endurskoðanda við gerð samningsins, enda hafi Sigurgeir lesið veðbókarvottorð fyrir hann í síma, þar sem ekki var getið um framangreint 3.000.000 kr. veðskuldabréf. Og í trausti þess kveðst mætti hafa skrifað undir samninginn.

Spurður af lögmanni stefnanda kveðst stefndi hafa setið í stjórn KVB frá aðalfundi 1984, sem haldinn var rétt fyrir mitt árið, og til 1987. Kveðst hann hafa verið meðstjórnandi sem fulltrúi Barðastrandardeildar. Mætti kveðst hafa setið flesta stjórnarfundi og kveðst hafa rækt starfið af trúmennsku. Hann kveðst hafa skoðað ársreikninga kaupfélagsins. Mætta er nú sýnt dómsskjal nr. 16, bls. 2. Aðspurður segir mætti, að sér hafi verið kunnugt um meginniðurstöður rekstrarreiknings, eins og þar greinir, fyrir 1984 og 1985. Mætta er sýnd bls. 4 í sama dómsskali og spurður, hvort honum hafi verið kunnugt um eigin fjárstöðu félagsins, eins og þar greinir, í meginatriðum, og svarar hann því játandi. Mætta er nú sýnt dómsskjal nr. 17, sem er ársreikningur KVB 1986. Mætti er spurður um, hvort honum hafi verið kunnugt um meginniðurstöður aðalrekstrarreiknings. Mætti segir, að hann hafi vitað um mikinn halla 1985 og meiri halla 1986. Aðspurður segir mætti, að sér hafi verið kunnugt um neikvæða eiginfjárstöðu félagsins 1985 og 1986, eins og greinir í ársreikningi.

Mætta er sýnt dómsskjal nr. 18, bls. 147 og áfram. Mætti kannast við undirskrift sína undir fundargerðina. Liður 2 er lesinn fyrir mætta. Mætti segir, að umræðurnar á fundinum hafi snúist um niðurskurð á sauðfé og þann vanda, sem það myndi þýða fyrir kaupfélagið og sláturhúsið. Menn voru sendir til Reykjavíkur til SÍS til að fá ráðgjöf í þessum erfiðleikum. Mætta er nú sýnd fundargerð á bls. 149. Mætti kannast við undirskrift sína. Liður 5 í fundargerðinni var nú lesinn fyrir mætta. Aðspurður segist mætti hafa gert sér grein fyrir, að viðskiptareikningi kaupfélagsins hjá SÍS hefði verið lokað vegna skulda. Mætti les lið 3, bls. 153, í fundargerð frá 18. september 1984. Aðspurður segir mætti, að stjórnarmönnum hafi verið ljóst, að kaupfélagið gæti ekki staðið í skilum við bændur, eins og vert væri, án utanaðkomandi stuðnings. Þá er vikið að lið 1 og 3 í fundargerð frá 4. des. 1984. Kveðst mætti ekki muna sérstaklega eftir fundargerðinni, enda hafi hann ekki verið á fundinum, en honum hafi verið kunnugt um bréf frá SÍS, undirritað af Kjartani D. Kjartanssyni, sem þar greinir. Dómsskjal nr. 11 er lesið fyrir mætta. Mætti telur, að veðskuldabréf, dags. 14.3. 1985, hafi átt að vera skuldbreyting á innstæðu hans við KVB. Innstæða þessi hafði stofnast að verulegu leyti haustið 1984. Mætti upplýsir, að það hafi verið byrjað að sláttra vegna niðurskurðar frá byrjun október 1984 og fram í janúar 1985. Mætti segir, að það hafi verið venja, að bændur fengju ákveðna prósentu af haustinnlegginu í nóvember, en uppbætur og endan-

legt uppgjör á næsta ári. Aðspurður segir mætti, að hann minnstist þess ekki, að það hefði komið fram á stjórnarfundi KVB, að verslunarhúsið á Krossholti væri veðsett fyrir framangreindum kr. 3.000.000.

Vitnið Sigurgeir Magnússon gaf skýrslu hér fyrir réttinum 1. febrúar 1989. Vitninu er sýnt dómsskjal nr. 9 og það spurt um, hvenær kaupin áttu sér stað. Vitnið segir, að kaupin hafi átt sér stað, þegar afhending fór fram hinn 1. júlí 1986. Aðspurt segir vitnið, að það muni ekki glögg, hvernig kaupverðið var ákveðið, en sennilega hafi verið verið ákveðin prósentu af brunabótamati og markaðsverð á þeim tíma. Vitnið segir aðspurt, að kaupsamningur á dómsskjal nr. 9 hafi verið útbúinn af Sigurgeiri Bóassyni í kaupfélagi V.-Barð., sennilega 7. maí 1987. Vitnið telur, að samningurinn hafi verið undirritaður mjög fljótlega eftir gerð hans. Vitnið segist ekki vita til, að Ragnari Guðmundssyni hafi verið gerð grein fyrir veðskuld, að fjárhæð kr. 3.000.000, hvílandi á verslunarhúsi á Krossholti. Vitnið telur þó, að hafi legið fyrir loforð frá SÍS um að aflétta skuldinni. Vitninu er sýnt dómsskjal nr. 26, veðskuldabréf, út gefið 10/5 '87, að fjárhæð kr. 258.717, og það telur, að hér sé um að ræða veðskuldabréf það, sem talað er um í kaupsamningi á dómsskjal nr. 9. Vitninu er sýnt dómsskjal nr. 25. Vitnið segir, að sér hafi verið kunnugt um þessa veðskuld, en það hafi talið, að SÍS myndi aflétta veðinu, þegar eignin yrði seld. Vitnið treystir sér ekki til að fullyrða, hvort veðbókavottorð hafi legið frammi við gerð kaupsamningsins á dómsskjal nr. 9.

Vitninu er sýnt dómsskjal nr. 14. Vitnið staðfestir, að það hafi ritað það, sem stendur á bakhlið skjalsins, og reiknað út heildarfjárhæðina.

Málið var munnlega flutt hinn 2. febrúar 1989 og síðan dómtekið. Í munnlegum flutningi málsins gerðu aðilar sömu kröfur og í stefnu og greinargerðum, sem reifaðar eru hér að framan, og rökstuddu kröfur sínar með svipuðum hætti. Kröfur stefnanda eru viðurkenndar sem slíkar, en stefndi krefst sýknu að svo stöddu vegna skilyrtrar skuldajafnaðarkröfu. Skilyrði þessarar kröfu er ekki komið fram, þar sem riftun hefur ekki náð fram að ganga vegna mótmæla stefnda, en stefnandi hefur eigi fylgt kröfum sínum um riftun eftir. Í 33. gr. gjaldþrotaskiptalaganna nr. 6/1978 segir: „Skuldajafna má skilyrtri kröfu við kröfu, sem búið á, ef skilyrðið er uppfyllt. Ef svo er ekki og krafa búsins er greidd en skilyrðið síðar uppfyllt skal greiða kröfuna á búið eftir 82. gr. 3. tölulið laga nr. 3/1878 sbr. 2. gr. laga nr. 32/1974. Ef óvíst er þegar úthlutun fer fram hvort skilyrðið verður uppfyllt skal taka frá fé til greiðslu kröfunnar sbr. 124. gr.“ Það virðist því augljóst, að þessi lagagrein eigi við um skilyrtar kröfur eins og kröfu þá, er hér um ræðir. Framangreind lagagrein kemur því í veg fyrir, að stefndi geti krafist skuldajafnaðar eða sýknu að svo stöddu, enda eru skilyrði kröfunnar eigi uppfyllt á þessari stundu. Verður því að fallast á

kröfur stefnanda í máli þessu. Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 90.085, hér með talinn söluskattur.

Dóm þennan kvað upp Guðmundur Björnsson, fulltrúi sýslumanns.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ragnar Guðmundsson, greiði stefnanda, þrotabúi KVB, kr. 120.549,11 með 51,6% drv. á ári frá 1/1 '88 til 1/3 '88, með 45,6% drv. á ári frá þ.d. til 1/5 '88, með 44,4% drv. á ári frá þ.d. til 1/7 '88, með 52,8% drv. á ári frá þ.d. til 1/8 '88, með 56,4% drv. á ári frá þ.d. til 1/9 '88, með 49,2% drv. á ári frá þ.d. til 1/10 '88, en frá þ.d. til greiðsludags með þeim drv., sem Seðlabanki Íslands ákveður á hverjum tíma, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987. Vextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn hinn 1/1 '89.

Stefndi greiði stefnanda kr. 90.085 í málskostnað, hér með talinn söluskattur, og beri sú fjárhæð drv. frá 15. degi eftir dómsuppsögn til greiðsludags.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans.
